

Priðjudaginn 29. febrúar 1972.

Nr. 223/1970. Eftirlaunasjóður starfsmanna

Landsbanka Íslands

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóhanni Jóhannessyi

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. desember 1970 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal álitserð K. Guðmundar Guðmundssonar tryggingafræðings og endurrit af samþykkt bankaráðs Landsbanka Íslands frá 25. febrúar 1972, en í samþykkt þessari segir svo:

„Bankaráðið hefur áður fjallað um þetta mál og er eins og áður á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé að fá úr þessu skorið af dómstólum þrátt fyrir reglugerðarákvæði um heimild bankaráðsins til úrskurðar í málinu.

Bankaráð vill taka fram, að það er fyllilega sammála álitserð Guðmundar Kr. Guðmundssonar, tryggingafræðings, er fram kemur í bréfi hans til hrl. Einars B. Guðmundssonar, dags. 21. apríl s.l.“.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er stefndi fæddur 14. ágúst 1898. Hann hóf störf hjá Landsbanka Íslands 4. janúar 1928. Eigi hætti hann störfum, er hann varð sjötugur, 14. ágúst 1968, heldur hélt starfi sínu til ársloka það ár. Stefndi var fullgildur félagi í Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka

Íslands. Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um eftirlaun frá 14. ágúst 1968 til ársloka, en áfrýjandi telur, að honum beri einungis eftirlaun frá 1. janúar 1969.

Í reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands (Seðlabankans og Viðskiptabankans), sem staðfest er af stjórn Seðlabankans 29. júní 1960 og bankaráði Landsbankans 21. október 1960, segir svo í 20. gr.: „Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðstjórnar um það, hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir bankaráð til úrskurðar“.

Eftirlaunasjóður þessi var stofnaður samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 10/1928, og reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 63/1957, er komu í stað þeirra laga. Samsvarandi ákvæði eru ekki í gildandi lögum um Landsbanka Íslands nr. 11/1961, en í 2. mgr. 13. gr. þeirra laga segir m. a.: „Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs“. Samkvæmt ákvæðum c liðar 44. gr. reglugerðar nr. 30/1962 um Landsbanka Íslands er það eitt af verkefnum bankaráðsins að setja reglugerð um eftirlaunasjóð starfsmanna bankans. Samkvæmt þessu verður að telja fyrrgreind ákvæði 20. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands, sem byggjast á lagaheimild, vera bindandi fyrir aðilja málsins. Framangreindri samþykkt bankaráðs Landsbanka Íslands frá 25. febrúar 1972 verður ekki jafnað til úrskurðar samkvæmt ákvæðum 20. gr. reglugerðarinnar. Þá bar að fá úrskurð bankaráðsins, áður en málið var lagt fyrir dómstólana. Þar sem þessa var ekki gætt, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og
Magnúsar P. Torfasonar.**

Stjórn Seðlabankans og bankaráð Landsbankans hafa sett áfrýjanda starfsreglur með reglugerð, samþykktri 29. júní og 21. október 1960, sbr. áður heimild í 45. gr. laga nr. 63/1957, en nú í 13. gr. laga nr. 11/1961, sbr. c lið 44. gr. reglugerðar nr. 30/1962 og e lið 65. gr. reglugerðar nr. 52/1962. Í starfsreglum þessum segir svo í 20. gr.:

„Rísi ágreiningur milli sjóðfélaga og sjóðstjórnar um það, hvernig skilja beri ákvæði í reglugerðinni, skal málið lagt fyrir bankaráð til úrskurðar“.

Stefndi fór að vísu ekki fram eftir þessu ákvæði, er áfrýjandi synjaði kröfu hans um ellilífeyri til viðbótar starfslaunum, en bar kröfu sína beint undir dómstóla. Stjórn áfrýjanda, sem m. a. er skipuð fulltrúa bankaráðs Landsbankans, var þó samþykk þessari málsmeðferð, og virðist bankaráðið hafa fylgzt með henni. Bankaráðið hefur og með samþykkt sinni 25. febrúar 1972, sem rakin er í atkvæði meiri hluta dómenda, látið uppi álit sitt um úrslit ágreinings aðilja og fært fram röksemdir fyrir niðurstöðu sinni með því að fallast á álitsgerð K. Guðmundar Guðmundssonar, þá, sem vísað er til í samþykktinni og lögð hefur verið fram í Hæstarétti. Samkvæmt þessu þykir fyrrgreind 20. gr. í reglugerð áfrýjanda ekki vera því til fyrirstöðu, að mál þetta verði nú dæmt að efni til í Hæstarétti, enda er sakarefnið ekki undanþegið lögsögu dómstóla. En þar sem meiri hluti dómenda hefur komið að þeirri niðurstöðu, að vísa beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, er ekki efni til, að við leggjum efnisdóm á málið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. október s.l., hefur Jóhann Jóhannesson bankamaður, Melhaga 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. maí 1969, gegn Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands til greiðslu á skuld

að fjárhæð kr. 89.050.00 með 12% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði jafnframt dæmdur til hæfilegrar málskostnaðargreiðslu samkvæmt mati réttarins.

Málavextir eru þeir samkvæmt því, sem fram kemur í gögnum málsins, að stefnandi, sem talinn er fæddur 14. ágúst 1898, hóf fast starf í Landsbanka Íslands 4. janúar 1928 og starfaði þar óslitið til þess dags, er hann varð 70 ára að aldri, eða til 14. ágúst 1968. Samkvæmt eigin ósk var honum leyft að halda starfi sínu í bankanum til ársloka 1968 á fullum launum. Frá áramótum 1968—1969, er stefnandi hafði að fullu hætt störfum hjá Landsbanka Íslands, fékk hann síðan greidd eftirlaun úr eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands.

Stefnandi kveðst hins vegar telja, að þrátt fyrir það, að hann hafi haldið starfi sínu í bankanum lítið eitt fram yfir 70 ára aldur, beri honum eigi að síður eftirlaun frá þeim tíma, sem hann varð 70 ára, og tekur fram í því sambandi, að sér skiljist, að samkvæmt 6. gr. reglugerðar fyrir áðurgreindan eftirlaunasjóð, dags. 21. október 1960, eigi eftirlaun að greiðast eftir 70 ára aldur, ef skilyrði séu fyrir hendi, án nokkurs tillits til annarra starfa, sem viðkomandi kunni að hafa á hendi.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að það sé sjálfsögð og viðtekin venja, að enginn starfsmaður taki eftirlaun, fyrr en hann ljúki störfum. Þessi venjuhelgaða regla gildi hjá öllum eftirlaunasjóðum og lífeyrissjóðum og gildi einu, hvort starfsmaður inni af hendi framlög til sjóðsins eða ekki. Þessi regla hafi hlotið staðfestingu í reglugerðinni á dskj. nr. 8. Sérstök athygli sé vakin á upphafsákvæði 7. gr. reglugerðarinnar, en þar sé það fortakslausa skilyrði sett fyrir greiðslu eftirlauna, að sjóðfélagi hafi látið af störfum. Þetta ákvæði gildi hvort sem starfsmaður láti af störfum fyrir eða eftir 70 ára aldur. Þá tekur og stefndi fram, að svo sem bréf á dskj. nr. 12 beri með sér, hafi Landsbanki Íslands greitt stefnanda full laun til ársloka 1968, er hann hafi látið af störfum. Hafi því eftirlaunaréttur stefnanda ekki getað hafizt fyrr en 1. janúar 1969. Þá megi hér bæta tvennu við:

1. Stefnandi hafi sjálfur óskað eftir að fá að starfa við fyrri störf sín, eftir að hann hafi náð 70 ára aldri.
2. Hann hafi aldrei borið fram neina kröfu eða tilmæli um greiðslu eftirlauna, fyrr en eftir að hann hafi látið af störfum.

Framanritaður rökstuðningur er m. a. reistur á álitserð K. Guðmundssonar tryggingafræðings, en stefndi leitaði umsagnar hans um ágreiningsatriði það, sem mál þetta er risið af, og hefur álitserð tryggingafræðingsins verið lögð fram sem dskj. nr. 11 í málinu, en í álitserðinni segir m. a. svo:

„Tilgangur eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands og annarra hliðstæðra eftirlaunasjóða er m. a. sá, að sjá sjóðfélögum fyrir eftirlaunum, þegar þeir láta af störfum. Það er algild regla, að sjóðfélagar fái ekki eftirlaun, meðan þeir halda starfi því, sem veitti þeim aðgang að sjóðnum, og óskertum launum fyrir það. Þetta kemur einnig ljóslega fram á fleiri en einum stað í reglugerð eftirlaunasjóðs starfsmanna L. Í. Vil ég sérstaklega benda á upphaf 7. gr. Þar segir: „Hver sjóðfélagi, sem lætur af starfi og greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn 65 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum“.

Í upphafi 6. gr., sem J. J. vísar til, er einnig talað um heimild til að láta af störfum með rétti til eftirlauna.

Það fer því ekki á milli mála, að enginn sjóðfélagi á rétt á eftirlaunum, fyrr en hann hefur raunverulega látið af störfum. Það getur engu breytt í þessu efni, þó að sjóðfélaginn sé kominn yfir 70 ára aldur, ef hann heldur stöðu sinni og fullum launum“.

Í bréfi stefnda til lögmanns síns á dskj. nr. 12, dags. 23. júlí 1969, segir m. a. á þessa leið: „Hér með leyfum vér oss að gefa eftirfarandi upplýsingar varðandi mál Jóhanns Jóhannessonar gegn eftirlaunasjóðnum.

Með bréfi, dags. 5. febrúar, mælist Jóhann til fullra eftirlauna fyrir tímabilið 14. ágúst til 31. desember 1968, eða tímamann frá því hann var 70 ára og þar til hann lét af störfum og eftirlaunagreiðslur frá sjóðnum hófust.

Á fundi eftirlaunasjóðsins föstudaginn 14. febrúar þ. á. var erindi Jóhanns rætt. Samþykkti stjórnin að leita álitser tryggingafræðings um málið, áður en ákvörðun yrði tekin. Svar tryggingafræðingsins, herra K. Guðm. Guðmundssonar, forstjóra, barst í bréfi hans, dags. 17. febrúar þ. á., og var á þá leið, að ekki bæri að greiða starfsmanni eftirlaun, fyrr en hann hefði látið af störfum. Umsögn tryggingafræðingsins var síðan rædd á fundi stjórnar sjóðsins þriðjudaginn 18. marz, og var samþykkt að synja um umrædda greiðslu eftirlauna, þar eð umsögn tryggingafræðingsins styður þann skilning stjórnarinnar, að eftirlaunagreiðslur eigi ekki að hefjast, fyrr en viðkomandi starfsmaður lætur af starfi.

Þessi málalok voru tilkynnt Jóhanni með bréfi, dags. 28. marz 1969, og tilgreind lokaorð álitserðar tryggingafræðingsins.

Er fulltrúi starfsmanna í sjóðstjórninni kom úr leyfi um miðjan apríl, lá fyrir honum bréf Magnúsar Thorlacius, hrl., dags. 28. marz 1969, þar sem hann tilkynnir, að honum hafi verið falin innheimta á kröfu Jóhanns, að fjárhæð kr. 89.050.00, og mælist hann til viðtals fyrir 3. apríl.

Til frekari upplýsinga um málið og viðhorf stjórnarinnar skal eftirfarandi tekið fram með skírskotun til bréfs yðar 18. júní s.l.:

1. Jóhann Jóhannesson er talinn fæddur 14. ágúst 1898, og var því 70 ára 14. ágúst 1968.
2. Jóhann starfaði alla tíð við póstafréiðslu Landsbankans, unz hann hætti störfum 31. desember 1968.
3. Jóhann lét í ljós við starfsmannastjóra ósk um að fá að starfa áfram um óákveðinn tíma eftir 70 ára aldur. Starfsmannastjóri, Einvarður Hallvarðsson, kveðst hafa skýrt Jóhanni frá því, að honum væri heimilt að halda starfi sínu til áramóta, árið sem hann yrði 70 ára, eins og nokkrir aðrir starfsmenn höfðu fengið, en þó ekki lengur. Ekki kveðst starfsmannastjóri hafa gert ráð fyrir, að eftirlaunagreiðslur hæfust, fyrr en eftir að Jóhann hefði látið af störfum, né gefið nein fyrirheit í þá átt.
4. Algengt mun vera, að opinberir starfsmenn, sjóðfélagar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisstofnana vinni út almanaksárið, sem þeir verða 70 ára. Halda þeir óskertum launum, en taka ekki eftirlaun, fyrr en þeir hætta störfum. Sama regla gildir hjá eftirlaunasjóðum Útvegsbankans, Búnaðarbankans og Landsbankans.
5. Eina dæmi þess, að starfsmaður hafi unnið hjá bankanum eftir lok þess almanaksárs, er hann varð 70 ára, er það, að P. I., fæddur 22. júlí 1896, hélt stöðu sinni til 31. desember 1966 og fékk eftirlaun frá 1. janúar 1967. Bankastjórn Landsbankans gerði þá sérstakan samning við P. I. um tveggja til þriggja stunda vinnu á dag við sérstök verkefni gegn ákveðinni greiðslu.

Samkvæmt framansögðu mótmælir stjórn eftirlaunasjóðsins kröfu Jóhanns til eftirlauna fyrir umrætt tímabil á grundvelli 7. gr. reglugerðar sjóðsins og álitserðar tryggingafræðingsins.

Jóhann Jóhannesson fékk greidd full laun út árið 1968, svo sem hér segir:

1. Fyrir september	kr. 21.205.00
2. Fyrir október	— 21.205.00
3. Fyrir nóvember	— 21.205.00
4. Fyrir desember	— 43.180.00

Samtals kr. 106.695.00“

Í 6. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands (Seðlabankans og Viðskiptabankans) segir:

„Heimilt er starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, en getur þó, skv. 13. gr. laga frá 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verið áfram við störf, njóti hann nægilegrar starfsorku að dómi tryggingayfirlæknis, þó eigi lengur en þar til hann er fullra 70 ára að aldri o. s. frv.“

Í 13. gr. laga frá 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir:

„Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri . . .“.

Samkvæmt hinum tilgreindu reglugerðar- og lagaákvæðum virðist því ótvírætt, að maður geti ekki gegnt opinberu starfi sem skipaður eða ráðinn venjulegri ráðningu lengur en þar til hann nær 70 ára aldri og gegni hann starfi sínu eitthvað lengur, ber að líta á hann sem lausráðinn þann tíma, sem hann gegnir því fram yfir 70 ára aldur.

Maður, sem unnið hefur sér rétt til eftirlauna, á að sjálfsgöðu rétt til að vinna áfram, eftir því sem hann hefur aðstöðu og getu til og taka laun fyrir þá vinnu sína án alls tillits til eftirlauna, og verður ekki séð, að það skipti máli í þessu sambandi, hver vinnuveitandinn er, enda er eftirlaunasjóðurinn sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda eftirlaun þegar frá þeim degi, er hann varð 70 ára að aldri, eða frá 14. ágúst 1968.

Upplýst er við munnlegan málflutning, að eftirlaunin nema 82,5% af föstu laununum. Samkvæmt launaseðlum á dskj. nr. 13—17 fyrir mánuðina ágúst til desember 1968 ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 79.625.00 sem vangoldin eftirlaun ásamt vöxtum, sem rétt þykir að ákveða 7% ársvexti frá 30. desember 1968 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða

stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.
Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Jóhannessyni, kr. 79.625.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 30. desember 1968 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. marz 1972.
Nr. 58/1971. **Söfnunarsjóður Íslands**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur V. Jóseppson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómurarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur
Jörundsson.

Söfnunarsjóður Íslands. Lífeyris- og slysatryggingagjöld
og launaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór S. Rafnar borgarfégeti hefur kveðið upp hinn
áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 27. apríl 1971. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lög-
taksgerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar
í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og
málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber
að staðfesta hann.